

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 22.02.2005
Tímasetning fundar: 16:00 – 17:30
Fundarstaður: Bræðraborgarstígur 13, 101 Reykjavík

Stjórnarmenn / Fundarmenn:

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir (SA)	Formaður	Mætt
Kristín Ingimundardóttir (KI)	Gjaldkeri	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Meðstjórnandi	Mætt
Ásdís Hjálmtýsdóttir (ÁH)	Meðstjórnandi	Fjarverandi

Fundarefni og niðurstöður fundar:

1. Málþing Gígjunnar 4. mars

Ákveðið hefur verið að standa fyrir málþingi fyrir stjórnendur og stjórnir aðildarkóra Gígjunnar föstudaginn 4. mars kl. 16:00-19:00. Málþingið verður haldið í Sönghúsinu Domus Vox, Skúlagötu 30, 101 Reykjavík. SA er búin að hafa samband við skrifstofu menntamálaráðherra og ráðherra mun mæta til þess að opna formlega nýja vefsetrið. SA hefur einnig haft samband við fjölda fyrirlesara sem allir hafa tekið vel í að flytja erindi á málþinginu.

Dagskráin verður sem hér segir:

Setning málþings og fréttir af starfsemi Gígjunnar. Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, formaður Gígjunnar.

Stúlknakór Reykjavíkur syngur undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur.

Vefsetur Gígjunnar formlega opnað. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra.

Kynning á vefsetri Gígjunnar. Heiða Gunnarsdóttir, vefstjóri Gígjunnar.

Kvennakórar fyrr og nú. Margrét Bóasdóttir, söngkona.

Í kór alla ævi. Margrét J. Pálmadóttir, kórstjóri.

Kellíngarnar hans Jakobs. Kvennakórinn Gígjan á Akureyri og stjórnandi hans, Jakob Tryggvason. Soffía Jakobsdóttir, leikkona.

Norrænt samstarf kvennakóra. Sigrún Þorgeirsdóttir, kórstjóri.

Alþjóðlegt söngstarf. Nýir möguleikar. Ásdís Helga Bjarnadóttir, meðstjórnandi í stjórn Gígjunnar.

Umræður og léttar veitingar.

Ákveðið var að ÁH myndi sjá um veitingarnar þ.e. að kaupa freyðivín og konfekt. HG mun sjá um tölvu og skjávarpa.

2. Hafa samband við aðildarkóra

Ákveðið að hver stjórnarmeðlimur hringi í sína kóra til þess að kynna málþingið fyrir þeim og bjóða þeim sérstaklega. Stjórnarmeðlimir eru beðnir um að tilkynna þátttöku sinna kóra sem fyrst til SA.

3. Fréttabréf

Gengið var endanlega frá fréttabréfi sem senda á út 24. febrúar. Skrifað var á umslög. HG mun sjá um að prenta fréttabréfið út og koma því í póst. Ákveðið var einnig að HG myndi senda öllum aðildarkórum tölvupóst með pdf útgáfu af fréttabréfinu.

Ákveðið að hafa innihald fréttabréfsins eftirfarandi.

Dagskrá málþings og nánari upplýsingar um það.

Upplýsingar um nýtt vefsetur Gígunnar, www.gigjan.is

Bréf frá mótsnefnd Kvennakórs Hafnafjarðar um fréttir af kvennakóramótinu.

Upplýsingar um hugsanlegt samstarf við Skálholtsútgáfuna.

Upplýsingar um bréfið til SFH.

Upplýsingar um næsta aðalfund, þ.e. að hann verði haldinn á kóramótinu í Hafnarfirði.

Norræna kvennakóramótið, þ.e. að Úrval-Útsýn hafi gert okkur tilboð varðandi flug og gistingu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.